



AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2020-2032

Umhverfismatsskýrsla

Tillaga

5. júlí 2022



AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2020-2032

Umhverfismatsskýrsla

Skv. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021



Efnisyfirlit

Samantekt umhverfismats	2
1 Inngangur	7
1.1 Markmið	7
1.2 Skipulagssvæðið, -ferlið og -skjöl	7
1.3 Umhverfismat á fyrri stigum og umhverfismat framkvæmda í Dalabyggð	7
2 Viðfangsefni, nálgun og áherslur í umhverfismati	8
2.1 Matsskylda áætlunarinnar	8
2.2 Umhverfispættir og áhrifaþættir	8
2.3 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati	9
2.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna	13
2.5 Valkostir um stefnu	14
3 Áhrif valkosta	16
3.1 Vegur um Bröttubrekku	16
3.2 Áherslur um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna	21
3.3 Áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu	26
3.4 Vöxtur þéttbýlis og útfærsla þjóðvegna í Búðardal	31
4 Áhrif aðalskipulagsins og eftirfylgni	37
4.1 Umhverfisáhrif aðalskipulagsins í heild	37
4.2 Stakar framkvæmdir	39
4.3 Samlegðaráhrif	39
4.4 Eftirfylgni og vöktun	39
5 Tengsl við áætlanir og samræmi stefnu	40
5.1 Innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins	40
5.2 Tengsl aðalskipulags við stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga	42
Heimildir	44

SAMANTEKT UMHVERFISMATS

Heildaráhrif aðalskipulagsins og þeirra valkosta sem urðu fyrir valinu við mótun skipulagsins eru metin. Umhverfisviðmiðin eru að stofni til byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og stefnu stjórnvalda er varðar landnotkun. Einnig eru greind innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins og samræmi við stefnu stjórnvalda. Beitt er matsspurningum til að greina hvort stefnan samræmist þeirri stefnu sem viðmiðin fela í sér.



Mynd 0-1 Í átt að Bröttubrekku

Valkostir um vegi um Bröttubrekku og í Búðardal

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til álita um vegi í aðalskipulaginu eru í umhverfismati greindir valkostir, annars vegar um veg eða jarðgöng um Bröttubrekku og hins vegar um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðvegjar í og við Búðardal. Greiningin er gerð með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Hvað varðar greiningu á

valkostum um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðvegjar er vísað til samantektar um greiningu á valkostum um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðvegjar í Búðardal.

Valkostir um veg um Bröttubrekku varða úrbætur í samgöngum, vegabætur á veginum um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals. Bornir voru saman þrír megin valkostir um stefnu aðalskipulagsins. Í fyrsta lagi er það núll-kostur, þ.e. að ekki verði af frekari uppbyggingu vega eða samgöngubóta um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals. Í öðru lagi er það valkostur um jarðgöng og í þriðja lagi uppbygging í núverandi vegstæði.

Niðurstaða valkostagreiningarinnar er að núll-kostur hefur í heildina óveruleg eða neikvæð áhrif á umhverfispætti til langs og skamms tíma lítið, en nýlega hafa verið gerðar úrbætur á veginum. Ef ekki kemur til uppbyggingar vega um Bröttubrekku er hætt við að viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart öðrum svæðum versni. Núll-kosturinn greiðir heldur ekki götu almenningsgangna um Bröttubrekku og er ekki líklegur til að styðja við atvinnulíf á svæðinu eða efla ferðaþjónustu til lengri tíma lítið. Í heildina mætti því ætla að það sé þörf á að fara í framkvæmdina miðað við þá umhverfispætti sem voru skoðaðir og þau viðmið sem lögð voru til grundvallar matinu.

Valkostur um uppbyggingu vegar í núverandi vegstæði hefur margs konar jákvæði áhrif í för með sér, svo sem að styrkja samfélagið og auka viðnámsþrótt þess, greiða götu almenningsgangna og styrkja stöðu atvinnulífs á svæðinu. Valkosturinn er talinn hafa óveruleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, en hefur mögulega áhrif á gróður til skemmri tíma og að breyta ásýnd lands vegna aukinna skeringa. Einnig sparast losun vegna snjómoksturs. Áhrif á atvinnulíf og þar með talda ferðaþjónustu eru talin jákvæð, auk þess að stækka vinnu- og þjónustusóknarsvæði Dalabyggðar og auka umferðaröryggi vegarins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er ólíklegt að valkosturinn hafi áhrif á fornleifar og hið sama gildir um útivist.

Valkostur um jarðgöng um Bröttubrekku hefur heilt yfir jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á þá umhverfispætti sem voru til skoðunar. Stefna um jarðgöng

er líkleg til að styrkja viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart öðrum svæðum og stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á loftlagsmál, m.a. með styttingu leiða. Jarðgöng um Bröttubrekku eru einnig líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á félags- og velferðarmál og öryggi, svo sem hvað varðar stækkun vinnu- og þjónustusóknarsvæði, aðgengi að grunnþjónustu sem sótt er úr héraði og umferðaröryggi. Auk þess myndu jarðgöng bæta samkeppnishæfni annarra svæða, s.s. Vestfjarða. Óvissa er um áhrif á fornleifar þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram og möguleg gangaleið liggur ekki fyrir. Áhrif á útivist eru talin óveruleg. Í heildina er þessi valkostur æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa og var hann lagður til grundvallar við útfærslu aðalskipulagsins.

Valkostir um áherslur um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til álita um ferðamannastaði í aðalskipulaginu eru í umhverfismati greindir valkostir um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna. Um er að ræða valkosti um umfang og eðli uppbyggingar áfangastaða með hliðsjón af stefnu sveitarfélagsins og ríkisins um ferðapjónustu. Bornir voru saman þrír valkostir, þ.e. núll-kostur (að ekki verði áhersla á uppbyggingu áfangastaða), áhersla á marga ferðapjónustustaði og leiðir og áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og leiðir.

Niðurstaða valkostagreiningarinnar er í stuttu máli að núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á umhverfisþætti til langs og skamms tíma litið.

Valkostur um áherslu á marga ferðapjónustustaði og leiðir er í heildina ekki æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.e. að kröftunum verði dreift um of og innviðir ferðapjónustustaða og -leiða geti ekki mætt því álagi sem skapast af ferðamanna. Það er ákveðinn ávinningur af því að byggja upp ferðapjónustustaði og -leiðir en þar sem um er að ræða marga staði, er hætta á að ekki verði byggðir upp æskilegir innviðir á hverjum stað og öll umhirða verður kostnaðarsöm. Vegna skorts á innviðum er hætta á að náttúru- og menningarminjar verði fyrir skemmdum af völdum álags af ferðamönnum og ferðamannastaðirnir tapi aðdráttafli sínu.

Valkostur um áherslu á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og -leiðir, hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðapjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum. Þar sem fókus er á fáa tiltekna staði og leiðir, þá gefst tækifæri á að byggja svæðin vel upp, öll umhirða svæðanna verður auðveldari og áhrif á náttúru- og menningarminjar verða jákvæð. Stefnan sem valkosturinn felur í sér er í aðalatriðum í samræmi við stefnu sveitarfélagsins, gildandi svæðisskipulags og áfangastaðáætlun. Í heildina er þessi valkostur æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa og var hann lagður til grundvallar við útfærslu aðalskipulagsins. Með þessari nálgun er hægt að byggja upp sterka segla í ferðapjónustu sem styrkja samkeppnishæfnina og skapa störf í héraði. Jafnframt er álaginu létt af öðrum svæðum sem ekki hafa næga innviði. Á móti kemur að svokallaðir náttúruferðamenn eru síður líklegir til að sækja á fjölsóttu uppbyggða ferðamannastaði, en þeir eru eigi að síður líklegir til að heimsækja Dalabyggð.

Valkostir um áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu

Greindir eru valkostir um áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu í Dalabyggð og hvert beina skuli uppbyggingunni. Bornir voru saman tveir valkostir, þ.e. annars vegar núll-kostur eða dreifð uppbygging og hins vegar að beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið en uppbygging gistiaðstöðu í dreifbýli verði einkum tengd starfsemi á bújörðum.

Niðurstaðan er að núll-kostur eða dreifð uppbygging gistiaðstöðu hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélag, náttúrufar og landslag, bæði til langs og skamms tíma litið. Dreifð uppbygging er ekki líkleg til að nýta að fullu þá möguleika sem eru í ferðapjónustu fyrir samfélagið og þá sérstaklega þéttbýlið. Dreifð uppbygging er einnig líkleg til að breyta ásýnd lands í dreifbýlinu og starfseminni fylgir aukið álag á umhverfið og hætta er á að náttúru- og menningarminjar glattist. Almennt hefur uppbygging gistiaðstöðu jákvæð áhrif á atvinnulífið, ný störf verða til og aukinn fjöldi ferðamanna styrkir stoðir þjónustustarfsemi í Dalabyggð.

Stefna um að beina stærri uppbyggingu gistiaðstöðu í þéttbýlið hefur mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á þá þætti sem voru til skoðunar. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum. Með því að beina stærri uppbyggingu á gistiaðstöðu í Búðardal gefst tækifæri á að halda betur utan um ýmsa þætti sem varðar losun frá starfseminni og áhrif á náttúru- og menningarminjar. Einnig næst meiri ávinningur fyrir samfélagið í heild þar sem starfsemin styrkir stöðir þeirrar þjónustu sem er til staðar og til verða fjölbreytt heilsárs störf í þéttbýlinu. Eftir sem áður er gert ráð fyrir uppbyggingu gistiaðstöðu í dreifbýlinu, einkum í tengslum við starfsemi á bújörðum. Í heildina er þessi valkostur æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa og var hann lagður til grundvallar við útfærslu aðalskipulagsins.



Mynd 0-2 Séð út Hvolsdal

Valkostir um vöxt þéttbýlis og útfærsla þjóðveggar í Búðardal

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til álita um þróun byggðar í þéttbýlinu eru í umhverfismati greindir valkostir um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðveggar í og við Búðardal. Um er að ræða valkosti um þróun þéttbýlisins, uppbyggingarsvæði og útfærslu þjóðveggar um þéttbýlið. Metnir voru þrír valkostir. Í fyrsta lagi núll-kostur, að ekki verði mótuð ný stefna í aðalskipulagi um þróun þéttbýlis og Vesturbraut verði með óbreyttu sniði. Í öðru lagi vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegarins. Í þriðja lagi vöxtur til austurs og hjáleið um Búðardal.

Niðurstaða greiningar á valkostum er að núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem augljós þörf er á úrbótum á umhverfi Vesturbrautar, svo sem hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og ásýnd. Óveruleg áhrif eru talin vera á náttúrufarslega þætti, svo sem náttúru- og menningarminjar en nauðsynlegt er að styrkja gróður á miðsvæði í þéttbýlinu. Búðardalur er þjónustustaður sem sinnir stóru svæði og líkur eru á að nærþjónusta eflist að einhverju marki, m.a. vegna aukinnar umferðar um Búðardal og vaxandi fjölda ferðamanna og að störf verði til í þjónustu í tengslum við það. Í núverandi aðalskipulagi er svigrúm til uppbyggingar húsnæðis til næstu framtíðar.

Stefna um vöxt þéttbýlisins út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd þjóðveggarins hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefnan er þó líkleg til að hafa neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda þar sem grónu landi verður raskað og nýtt land tekið undir byggð. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós. Valkosturinn er líklegur til að stuðla að auknum gæðum byggðarinnar. Stefnan felur í sér aðgerðir sem eru líklegar til að stuðla að lækkun umferðarhraða á Vesturbraut og bæta ásýnd götunnar. Stefnan felur einnig í sér að styrkja gróður í umhverfi núverandi Vesturbrautar. Það mun stuðla að auknu gönguhæfi byggðarinnar og heilsusamlegum samgöngum þar sem umferðarhraði er tekinn niður og allt land þéttbýlisins verður innan göngufæris. Líkur eru á að samkeppnishæfni svæðisins styrkist. Líkur eru á að Búðardalur eflist sem miðstöð þjónustu og viðkomustaður ferðamanna og störf verði til í héraðinu. Í heildina er þessi valkostur æskilegur með tilliti

til umhverfisáhrifa, þ.e. að skapa þéttbýlinu þróunarmöguleika út frá Vesturbraut og stuðla að úrbótum á umferðaröryggi og ásýnd vegarins. Valkosturinn var lagður til grundvallar við útfærslu aðalskipulagsins.

Stefna um vöxt þéttbýlisins til austurs og hjáleið um Búðardal er talin hafa neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti einkum vegna þess að grónu landi verður raskað og nýtt land tekið undir byggð og nýjan veg (hjáleið). Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós. Að einhverju marki verða úrbætur á umferðaröryggi þar sem hjáleið um Búðardal felur í sér að umferð um þéttbýlið minnkar en ekki er endilega gripið til aðgerða til lækkunar á umferðarhraða um Vesturbraut. Minni umferð í þéttbýlinu stuðlar að einhverju marki að auknu umferðaröryggi og bættri hljóðvist í Búðardal. Verulega neikvæð áhrif eru af færslu vegarins á atvinnulíf, þ.e. er að færsla þjóðvegarins úr þéttbýlinu er líkleg til að veikja Búðardal sem þjónustustaðar til langs tíma litið þar sem líkur eru á að ferðamenn um Vestfjarðaveg stoppi síður í Búðardal. Á móti verða til tímabundin störf við vegaframkvæmdir.

Valkostir um vindorkugarða

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarðavera, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima, en þessar framkvæmdir voru ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Í tengslum við vinnu við breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuveranna voru bornir saman valkostir um stefnu aðalskipulagsins varðandi þessa vindorkugarða. Í fyrsta lagi var það núllkostur sem fól í sér að ekki yrði af uppbyggingu vindorkugarðanna og viðkomandi svæði væru áfram skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Í öðru lagi valkostur 2 sem felur í sér að staðsett væri nýtt iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver, annað hvort á Sólheimum (allt að 40 vindmyllur) eða Hróðnýjarstöðum (allt að 30 vindmyllur). Í þriðja lagi valkostur 3 að staðsetja ný iðnaðarsvæði fyrir tvö vindorkuver fyrir allt að 70 vindmyllur, þ.e. á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum. Helstu niðurstöður samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytinganna eru að núll kostur er talinn hafa óveruleg áhrif á þá þætti sem metnir voru. Áhrif af valkosti 2 eru m.a. talinn óveruleg á jarðmyndanir, landnotkun, verndarsvæði og heilsu og

öryggi. Áhrifin eru metin neikvæð á gróður og dýralíf, ásýnd og landslag, en jákvæð á samfélag. Áhrif á minjar eru talin óviss eða óveruleg, þ.e. eftir stöðu fornleifaskráningar á þessum stöðum. Valkostur 3 á að sýna samlegðaráhrif á umhverfið og einkum er að ræða neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og ásýnd og landslag. Jákvæð áhrif eru á samfélag og eru þau samlegðaráhrif eins og í öðrum þáttum samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytinga fyrir vindorkugarðana.

Greining á heildaráhrifum stefnunnar

Metin eru helstu áhrif stefnunnar í megin viðfangsefnum aðalskipulagsins á helstu matsþætti. Í lok hvers stefnukafla í greinargerð aðalskipulagsins er samantekt á þeim umhverfisáhrifum sem metin eru.

Stefna aðalskipulagsins um náttúru og landslag hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á þá matsþætti og umhverfisþætti sem eru til skoðunar. Eðli málsins samkvæmt hefur stefnan ekki mikil áhrif á matsþáttinn félags- og velferðarmál en að öðru leyti skorar stefnan hátt á þessum matsþáttum.

Stefna um samfélag sem inniheldur m.a. stefnu um byggð og atvinnumál hefur einnig heilt yfir jákvæð áhrif á þá matsþætti sem voru til skoðunar. Einu neikvæðu áhrifin tengjast mögulegri vindorkunýtingu og óvissa er um áhrif skógræktar á menningarminjar.

Stefna um innviði hefur jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á þá matsþætti sem voru til skoðunar. Einu neikvæðu áhrifin tengjast mögulegum áhrifum af vegaframkvæmdum á náttúru sem og losun gróðurhúsalofttegunda en það er háð umfangi og útfærslu nýrra framkvæmda. Einnig getur uppbygging og viðhald göngu- og hjólaleiða haft neikvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar sem og losun gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta tímabundið, en áhrifin eru háð útfærslu á hverjum stað.

Skipulagsgerð vegna fyrirhugaðra vindorkugarða var ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins, en um þær framkvæmdir var fjallað í breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna Hróðnýjarstaða og Sólheima. Að teknu tilliti til fyrirbyggjandi ganga um fyrirhugaða uppbyggingu vindorkugarðanna og tengdra framkvæmda þá verða áhrifin á náttúru- og

landslag verulega neikvæð, m.a. vegna áhrifa á búsvæði fugla og áflugshættu, breytingu á ásýnd lands og áhrifa á landslag. Ljóst er að þessi uppbygging er í nokkru ósamræmi við þá megin stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu um náttúru og landslag. Framkvæmdunum fylgir einnig aukin losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs og rasks og hættu á mengun jarðvegs vegna jarðvinnuvéla. Auk þess eru vísbendingar um að framkvæmdirnar skerði óbyggð víðerni, en opinbert kort af óbyggðum víðernum liggur ekki fyrir. Um er að ræða atriði sem ekki var fjallað um í breytingu á aðalskipulagi vegna vindorkugarðanna, en verður metið í umhverfismati framkvæmda skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Uppbygging vindorkugarðanna er einnig líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Áhrifin á menningarminjar eru óviss þar en fornleifaskráning hefur ekki farið fram á Sólheimum eða á þeim svæðum þar sem fyrirhugað er að leggja strengi frá virkjunarsvæðunum að tengivirki Landsnets. Uppbygging vindorkugarðanna er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Vindorkugarðarnir og tengdar framkvæmdir eru þó að einhverju marki líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnu þar sem fleiri stöðum er skotið undir samfélagið og það er líklegt til að auka seiglu og þol þess gagnvart breytingum.

Samlegðaráhrif stefnunnar

Aðalskipulagið markar stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í Dalabyggð. Í þeirri stefnu geta falist fjölmargar stórar og smáar framkvæmdir eða uppbygging. Vísað er til deiliskipulags hvað varðar skilgreiningu og útfærslu einstakra framkvæmda. Stefna aðalskipulagsins gerir m.a. ráð fyrir að byggðir verði upp nokkrir ferðamannastaðir með fullnægjandi innviðum sem geti tekið við talsverðum fjölda ferðamanna. Hér að framan var fjallað um áhrif þessarar stefnu. Einnig kemur fram að talsvert rými sé til staðar fyrir vöxt ferðaþjónustu, skógræktar og fjölbreyttrar nýrrar starfsemi í dreifbýlinu. Umhverfismatið dregur m.a. fram mikilvægi þess að áhersla sé lögð á sterk tengsl við söguna, staðaranda og landbúnað, þ.e. það sem er til staðar. Með þeim hætti er ætlunin að efla byggðina í dreifbýli og þéttbýli.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir eflingu miðsvæðisins, nýtingu vannýttra svæða og vexti í þjónustutengdri starfsemi, eflingu gróðurs og úrbóta hvað varðar öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda. Auk þess er gert ráð fyrir svigrúmi til uppbyggingar umfangsmeiri gistipjónustu í Búðardal. Þessi stefna er líkleg til að skapa grundvöll fyrir vöxt þéttbýlisins.

Umhverfismat aðalskipulagsbreytinga vegna vindorkugarða á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum leiðir í ljós samlegðaráhrif á umhverfi ef kemur til uppbyggingar á báðum stöðum. Um er að ræða neikvæð áhrif á gróður, dýralíf, landslag og ásýnd lands. Áhrifin á fornleifar eru óviss. Áhrif á samfélag eru jákvæð hvað varðar umsvif í samfélaginu en neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist.

Í heildina eru samlegðaráhrif aðalskipulagsins jákvæð að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem fjallað er um í stefnunni. Þó skal haldið til haga þeim áhrifum sem uppbygging vindorkugarða kanna að hafa og nánar verður fjallað um í umhverfismati framkvæmda fyrir þessi verkefni.

Eftirfylgni og vöktun

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins, umfram það sem ákveðið er í umhverfismati þeirra framkvæmda sem getið er um í skipulagstillögunni.

Hvað varðar eftirfylgni vegna framkvæmda við vindorkugarða á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum er vísað til umhverfismats framkvæmdanna og þeirrar eftirfylgni og vöktun sem þar verður skilgreind.

1 INNGANGUR

Nýtt aðalskipulag, *Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032*, er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en samkvæmt síðarnefndu lögunum er aðalskipulagið háð umhverfismati áætlana. Umhverfismatið, þ.m.t. kynningar- og samráðsferlið og greiningarvinnan, er unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins.

1.1 MARKMIÐ

Markmiðið með umhverfismati aðalskipulagsins er að samþætta umhverfismálin inn í skipulagsgerðina. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar á umhverfið og hámarka þau jákvæðu.

1.2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ, -FERLIÐ OG -SKJÖL

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 tekur til alls lands innan sveitarfélagsmarka Dalabyggðar, þ.e. til þéttbýlisins í Búðardal og dreifbýlisins. Sveitarfélagið er um 2.421 km² að stærð.

Aðalskipulagið er sett fram sem greinargerð og skipulagsuppdrættir auk umhverfismatsskýrslu. Skipulagsferlinu, þ.e. vinnuferlinu, er nánar lýst í greinargerð aðalskipulagsins og er hér vísað til þess.

1.3 UMHVERFISMAT Á FYRRI STIGUM OG UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDA Í DALABYGGÐ

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 var staðfest árið 2018. Hlutverk svæðisskipulagsins er að undirbyggja, marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaganna á þróun atvinnulífs, samfélags og umhverfis svæðisins og útfæra þá sýn m.t.t. skipulagsmála.

Hvað er umhverfismat áætlana?

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og **nýta niðurstöður** matsins til að **draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum** þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem **hluta af skipulagsáætlunum** sveitarfélaga (svæðisskipulags, *aðalskipulags* og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum umhverfismat framkvæmda og áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulaginu er þannig ætlað að vera eigin byggðaáætlun sveitarfélaganna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags.

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Frá árinu 2019 hefur verið unnið að aðalskipulagsbreytingum og umhverfismati framkvæmda vegna þeirra framkvæmda. Skipulagsstofnun hefur gefið sína ákvörðun um matsáætlun fyrir báðar framkvæmdir en frummatsskýrslur og álit Skipulagsstofnunar um þessar framkvæmdir liggja ekki fyrir.

2 VIÐFANGSEFNI, NÁLGUN OG ÁHERSLUR Í UMHVERFISMATI

2.1 MATSSKYLDA ÁÆTLUNARINNAR

Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sbr. a-lið 2. gr. laganna, þ.e. að lögin gilda um „...skipulagsáætlanir og breytingar á þeim samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag haf- og strandsvæða“.

2.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHRIFABÆTTIR

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir aðalskipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu. Í meðfylgjandi töflu (Tafla 2.1) má sjá vinsun umhverfisþátta fyrir gerð aðalskipulagsins, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir¹ sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins. Val umhverfisþáttanna byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur sem liggja fyrir við upphaf aðalskipulagsvinnunnar.

Tafla 2.1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna endurskoðunar aðalskipulags Dalabyggðar.

Matsþáttur	Mikilvægir umhverfisþættir	Skýringar
Samfélag	Íbúar, efnisleg verðmæti og næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum	Áhrif af auknum umsvifum og fjölbreytni atvinnulífs. Aukin seigla og sveigjanleiki samfélagsins
Náttúra og landslag	Líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn og loftslag	Áhrif af nýrri byggð og/ eða uppbyggingu á þegar byggðum svæðum. Áhrif af framkvæmdum á nýjum svæðum
Atvinna og þjónusta	Íbúar, efnisleg verðmæti og menningarminjar	Áhrif af eflingu innviða, eflingu atvinnulífs og aukinni nærþjónustu. Áhersla á staðaranda og aukin samkeppnishæfni sveitarfélagsins
Félags- og velferðarmál og öryggi	Íbúar, heilbrigði manna og efnisleg verðmæti	Áhrif af eflingu grunnþjónustu í sveitarfélaginu og auknum lífsgæðum í samfélaginu og öryggi. Áhrif af uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og nærþjónustu sem tekur mið af þörfum samfélagsins
Menning	Landslag og menningarminjar	Áhrif af styrkingu staðaranda og eflingu innviða fyrir menningartengda starfsemi. Árif af uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu og aðstöðu á fjölförnum stöðum
Útivist	Heilbrigði manna, landslag og næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum	Áhrif á lýðheilsu og vellíðan íbúa. Bætt aðgengi til útivistar og jákvæð upplifun ferðamanna vegna uppbyggingar aðstöðu

¹ Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

2.3 VIÐMIÐ OG VÍSAR TIL GRUNDVALLAR UMHVERFISMATI

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að neðan (Tafla 2.2), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin eru í grunnin byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (HMS), þ.e. markmið 3, 6, 7, 8, 9, 11, 12, 13, 14 og 15. Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð. Einnig er byggt á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun, auk náttúruverndarlaga og laga um menningarminjar.

Í umhverfismatinu er unnið með sex matsþætti sem taka til meginviðfangsefna aðalskipulagsins, sbr. töflu hér að ofan (Tafla 2.1). Lagt verður mat á það hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum. Við framkvæmd matsins verður beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna (Tafla 2.3).



Mynd 2-1 Sauðfé í Dalabyggð

Tafla 2.2 Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfispættir sem byggt verður á í umhverfismati aðalskipulags Dalabyggðar.

Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfispættir										
			Íbúar	Heilbrigði manna	Líffræðileg fjölbreytni	Landslag	Jarðmyndanir	Jarðvegur	Vatn	Loftslag	Efnisleg verðmæti	Menningararfleifi	Nærni fyrir hættu á sýsum og náttúruhamförum
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vögggu til grafar Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum, m.a. með íþrótt- og félagslífi og útivist. Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan. Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa	HMS ² -3 ³ LSK 15-26 ⁴	Aðgengi að útivist Ásýnd lands Umferðarslys Hljóðstig											
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og stöðuvötn	HMS-6 Lög og reglugerð um stjórn vatna-mála ^{5,6}	Fráveita Vatnsgæði Votlendi Mengun											
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Auka hlut endurnýjanlegrar orku. Stuðla að bættri orkunýtingu. Skipulag gefi kost á uppbyggingu flutningskerfa raforku og að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi	HMS-7 LSK 15-26	Endurnýjanleg orka Raforkuflutningur Virkjanir											
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs	HMS 8 LSK 15-26	Íbúafjöldi Hagvöxtur Staða atvinnulífs og fjölbreytni Ferðaþjónusta Viðhorf ferðamanna											
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra.	HMS-9 LSK 15-26	Veitur Umferð og vegflokun Vinnu- og þjónustusókn											

² HMS vísar til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

³ Stjórnarráð Íslands. 2021.

⁴ Skipulagsstofnun. 2016.

⁵ Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

⁶ Reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að greiðum sjálfbærum samgöngum í þéttbýli og dreifbýli. Tryggja örugg fjarskipti og afhendingu raforku um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag		Fjarskipti Raforkuflutningur											
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis	HMS-11 LSK 15-26	Íbúar Íbúðir Þjónustustig og aðgengi að þjónustu Ferðamátar Almenningssamgöngur											
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum. Draga úr sóun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu	HMS-12	Úrgangsmeðhöndlun											
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð. Stuðla að öryggi almenningssamgöngum gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum	HMS-13 AL ⁷ LSK 15-26	Binding kolefnis Losun kolefnis Hleðslustöðvar Hækkun sjávarborðs Áhætta vegna ofanflóða											
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins	HMS-14	Ástand sjávar Verndarsvæði Mengun											
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir útrýmingu tegunda í hættu	HMS-15 Lög um náttúruvernd ⁸	Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Skógar Votlendi Fuglalíf Verndarsvæði											
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, viðernum, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirka taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum	LSK 15-26 Lög um náttúruvernd og menningarminjar ⁹ MSM ¹⁰	Fágæti landslags Ásýnd lands Menningarlandslag Fornleifaskráning Náttúruminjar Röskun lands Landbúnaðarland											

⁷ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020.

⁸ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

⁹ Lög um minningarminjar nr. 80/2012.

¹⁰ Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Tafla 2.3 Matsþættir, viðmið og matsspurningar til að greina hvort stefnan styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Matsþáttur	Viðmið	Matsspurning
Samfélag	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir	• Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? • Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum? • Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?
Náttúra og landslag	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi	• Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis? • Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku? • Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst? • Hefur stefnan áhrif á lykilstærferfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróð land? • Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa? • Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?
Atvinna og þjónusta	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess	• Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? • Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði? • Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum • Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?
Félags- og velferðarmál og öryggi	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópá, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum	• Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu? • Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnaðis og grunnþjónustu fyrir alla? • Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?
Menning	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi	• Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhátum? • Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar? • Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?
Útivist	Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar	• Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar? • Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?

2.4 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Við umhverfismat aðalskipulagsins er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu. Einnig er leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, þegar þess gerist þörf.

Umhverfismatið er sett fram í matstöflum og texta. Lögð verður fram tillaga að aðalskipulagi ásamt umhverfismatsskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹¹ og stuðst verður við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér til hliðar (Tafla 2.4).

Tafla 2.4 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum aðalskipulags Dalabyggðar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

¹¹ Skipulagsstofnun 2007.

2.5 VALKOSTIR UM STEFNU

Til að varpa ljósi á hvaða valkostir koma til álita í aðalskipulaginu eru skilgreindir megin valkostir um stefnu með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Eftirfarandi viðfangsefni eru til skoðunar í tengslum við gerð aðalskipulagsins:

- **Vegur um Bröttubrekku.** Um er að ræða valkosti um úrbætur í samgöngum, vegabætur um veginn um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals.
 - **Núll-kostur.** Að ekki verði af frekari uppbyggingu vega eða samgöngubótum um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals.
 - **Jarðgöng.** Að byggð verði jarðgöng sem liður í vegabótum um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals.
 - **Uppbygging í núverandi vegstæði.** Að gerðar verði úrbætur á veginum um Bröttubrekku í núverandi vegstæði.
- **Áherslur um uppbyggingu áfangsstaða ferðamanna.** Um er að ræða valkosti um umfang og eðli uppbyggingar áfangastaða ferðamanna í Dalabyggð í samhengi við stefnu sveitarfélagsins um ferðaþjónustu, áfangastaðaáætlun og Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.
 - **Núll-kostur.** Að ekki verði áhersla á uppbyggingu áfangastaða ferðamanna í Dalabyggð. Valkosturinn lýsir grunnástandi umhverfispátta og líklegri þróun umhverfisins án framfylgdar nýrrar stefnu um áfangastaði ferðamanna í aðalskipulagi Dalabyggðar.
 - **Áhersla á fáa tiltekna ferðaþjónustustaði og leiðir.** Uppbygging áfangastaða ferðamanna beinist einkum að fáum tilteknum stöðum í sveitarfélaginu og að áhersla verði

á vandaða uppbyggingu og góða aðstöðu fyrir móttöku ferðamanna.

- **Áhersla á marga ferðaþjónustustaði og leiðir.** Uppbygging áfangastaða ferðamanna beinist að mörgum stöðum í sveitarfélaginu og að umfang uppbyggingar taki mið af aðstæðum, ástandi svæða, en almennt er ekki gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu aðstöðu á hverjum stað.
- **Áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu.** Um er að ræða valkosti um hvert beina skuli uppbyggingu gistiaðstöðu í Dalabyggð.
 - **Núll-kostur/dreifð uppbygging.** Að ekki verði sérstök áhersla á uppbyggingu gistiaðstöðu umfram það sem nú er, en smærri og stærri uppbyggingu verði jöfnum höndum beint að dreifbýli og þéttbýli.
 - **Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið.** Áhersla verði á uppbyggingu gistiaðstöðu í Búðardal, svo sem hótela, gistiheimila og stækkun tjaldsvæðis. Uppbygging gistiaðstöðu í dreifbýli verði einkum tengd starfsemi á bújörðum.
- **Vöxtur þéttbýlis og útfærsla þjóðvegjar í Búðardal.** Um er að ræða valkosti um þróun þéttbýlisins, uppbyggingarsvæði og samspil við tilhögun þjóðvegjar um þéttbýlið.
 - **Núll-kostur.** Að ekki verði mótuð ný stefna í aðalskipulagi um þróun þéttbýlis og Vesturbraut verði með óbreyttu sniði.
 - **Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegarins.** Vöxtur þéttbýlis verði einkum á svæðum við núverandi þjóðveg, þ.e. að nýrri uppbyggingu verði beint að hentugum svæðum í jaðri núverandi byggðar. Megin áherslan í samgöngum er á að lækka hraða á Vesturbraut,

svo sem með hringtorgum, bæta ásýnd og styrkja gróður í umhverfi núverandi Vesturbrautar og styrkja hjóla- og gönguleiðir innan þéttbýlisins.

- **Vöxtur til austurs og hjáleið.** Vöxtur þéttbýlis verði einkum á svæðum austur og suðaustur af núverandi byggð. Megin áherslan í samgöngum er á að létta á umferð um þéttbýlið með hjáleið, þ.e. með ofanbyggðarvegi eða hjáleið austan við þéttbýlið auk þess að styrkja hjóla- og gönguleiðir milli hinnar nýju byggðar og eldri hluta Búðardals.
- **Vindorkugarðar.** Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarðavera, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima, en þessar framkvæmdir voru ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Í tengslum við vinnu við breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuveranna voru bornir saman valkostir um stefnu aðalskipulagsins varðandi þessa vindorkugarða. Í fyrsta lagi var það núll kostur sem fól í sér að ekki yrði af uppbyggingu vindorkugarðanna og viðkomandi svæði væru áfram skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Í öðru lagi að staðsett væri nýtt iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver, annað hvort á Sólheimum (allt að 40 vindmyllur) eða Hróðnýjarstöðum (allt að 30 vindmyllur). Í þriðja lagi að staðsetja ný iðnaðarsvæði fyrir tvö vindorkuver fyrir allt að 70 vindmyllur. Vísað er til skipulagsgagna með aðalskipulagsbreytingunni vegna Hróðnýjarstaða og Sólheima og mat á valkostum um uppbygginguna.



Mynd 2-2 Vesturbraut í Búðardal

3 ÁHRIF VALKOSTA

Í kaflanum er umhverfismat á valkostum um stefnu aðalskipulagsins, þ.e. valkosta sem skilgreindir eru í kafla 2.5.

3.1 VEGUR UM BRÖTTUBREKKU

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta um veg um Bröttubrekku og til samanburðar mat á núll-kosti.

Samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Uppbygging í núverandi vegstæði	Jarðgöng
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Stefnan, þ.e. ef ekki verður af frekari uppbyggingu vega eða samgöngubótum um Bröttubrekku, kann að hafa neikvæð áhrif til lengri tíma á samfélagið. Þó svo að vegurinn um Bröttubrekku sé einungis lokaður fáa daga á ári vegna snjóá, þá er um að ræða fjallveg sem er ákveðinn farartálmi eða hindrun í samgöngum	Stefnan er að einhverju marki líkleg til að stuðla að sterkari innviðum og þoli samfélagsins gagnvart samfélagsbreytingum. Þó svo að vegurinn um Bröttubrekku sé einungis lokaður fáa daga ári vegna snjóá, þá er um að ræða fjallveg sem kann að vera farartálmi og hindrun í samgöngum. Úrbætur á veginum koma að einhverju marki til móts við það	Stefnan er líkleg til að stuðla að sterkari innviðum og þoli samfélagsins gagnvart samfélagsbreytingum. Þó svo að vegurinn um Bröttubrekku sé einungis lokaður fáa daga ári vegna snjóá, þá er um að ræða fjallveg sem kann að vera farartálmi og hindrun í samgöngum. Jarðgöng eru líkleg til að vera liður í úrbótum að þessu leyti þó ekki liggi fyrir hvort vegalengdir styttest að ráði
Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Stefnan stuðlar ekki að bættum almenningssamgöngum milli Dalabyggðar og Borgarfjarðar	Stefnan stuðlar að einhverju marki að bættum almenningssamgöngum milli Dalabyggðar og Borgarfjarðar	Stefnan stuðlar að einhverju marki að bættum almenningssamgöngum milli Dalabyggðar og Borgarfjarðar
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Að einhverju marki er hægt að nýta þau jarðefni sem verða til við gróft jarðganga

Náttúra og landslag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Uppbygging í núverandi vegstæði	Jarðgöng
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Að einhverju marki er minni losun vegna þess að vegurinn liggur lægra og mögulega er um að ræða styttingu á vegalengdum. Einnig er minni losun vegna snjómoksturs. Á móti kemur mögulega aukin umferð vegna bættra samgangna og aukin losun vegna þess

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbærán hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvangar og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	Stefnan hefur ekki áhrif á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. friðlýst svæði eða aðrar náttúruminjar, samkvæmt gögnum NÍ	Stefnan hefur ekki áhrif á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. friðlýst svæði eða aðrar náttúruminjar, samkvæmt gögnum NÍ	Stefnan hefur ekki áhrif á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. friðlýst svæði eða aðrar náttúruminjar, samkvæmt gögnum NÍ
Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	Stefnan hefur ekki áhrif á mikilvæg fuglasvæði eða Ramsarsvæði	Stefnan hefur ekki áhrif á fuglasvæði eða Ramsarsvæði. Möguleg áhrif á gróið land samkvæmt gögnum NÍ, en háð útfærslu endurbóta á vegi. Við frágang vegar er hægt að vinna á móti þeim áhrifum	Stefnan hefur ekki áhrif á fuglasvæði eða Ramsarsvæði og óveruleg áhrif á gróið land
Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	Óveruleg áhrif	Stefnan hefur mögulega áhrif á votlendi samkvæmt gögnum NÍ, en háð útfærslu endurbóta á vegi	Óveruleg áhrif
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Óveruleg áhrif	Stefnan hefur mögulega áhrif á ásýnd lands á framkvæmdatímanum og til lengri tíma, svo sem vegna aukinna skeringa	Óveruleg áhrif

Atvinna og þjónusta

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Uppbygging í núverandi vegstæði	Jarðgöng
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Stefnan er ekki líkleg til að styðja við atvinnulíf á svæðinu	Stefnan hefur í för með sér atvinnusköpun á framkvæmdatímanum og að einhverju marki hefur stefnan jákvæð áhrif á atvinnulíf til lengri tíma vegna bættra samgangna	Stefnan hefur í för með sér atvinnusköpun á framkvæmdatímanum og til lengri tíma eru jákvæð áhrif á atvinnulíf vegna bættra samgangna. Auk þess myndu jarðgöng bæta samkeppnishæfni annarra svæða, s.s. Vestfjarða.
Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði?	Stefnan er ekki líkleg til að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu eða skapa störf til lengri tíma lítið	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu til lengri tíma lítið vegna bættra samgangna	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu til lengri tíma lítið vegna bættra samgangna. Auk þess myndu jarðgöng bæta samkeppnishæfni annarra svæða, s.s. Vestfjarða.
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Stefnan stuðlar að einhverju marki að orkusparnaði vegna þess að vegurinn liggur lægra og mögulega er um að ræða styttingu á vegalengdum

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Stefnan hefur ekki áhrif á vatnsverndarsvæði	Stefnan hefur ekki áhrif á vatnsverndarsvæði	Stefnan hefur ekki áhrif á vatnsverndarsvæði
--	--	--	--

Félags- og velferðarmál og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Uppbygging í núverandi vegstæði	Jarðgöng
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að eflingu nærbjónustu?	Stefnan stuðlar ekki að stækkun vinnu- og þjónustusóknarsvæðum	Stefnan stuðlar, að einhverju marki, að stækkun vinnu- og þjónustusóknarsvæðum	Stefnan stuðlar að stækkun vinnu- og þjónustusóknarsvæðum. Auk þess myndu jarðgöng bæta samkeppnishæfni annarra svæða, s.s. Vestfjarða.
Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Óveruleg áhrif	Stefnan stuðlar, að einhverju marki, að auknu aðgengi að grunnþjónustu	Stefnan stuðlar að auknu aðgengi að grunnþjónustu
Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Óveruleg áhrif	Stefnan er líkleg til að auka umferðaröryggi þar sem endurbættur vegur uppfyllir betur öryggisstaðla	Stefnan er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á umferðaröryggi þar sem nýr vegur liggur um jarðgöng á láglandi, að því gefnu að jarðgöngin verði byggð í samræmi við kröfur um umferðaröryggi

Menning

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Uppbygging í núverandi vegstæði	Jarðgöng
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhättum?	Óveruleg áhrif	Stefnan hefur mögulega áhrif á ásýnd lands til lengri tíma, svo sem vegna aukinna skeringa. Með landmótun er þó hægt að lágmarka þau áhrif	Stefnan er líkleg til að styðja markmið um að mannvirkið taki mið af náttúru, landslagi og staðhättum. Áhrif á ásýnd lands eru eingöngu við gangamunna
Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Stefnan er ólíkleg til að hafa áhrif á eða raska fornleifum. Engar friðaðar eða friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en fornleifaskráning fór fram árið 1999 í tenglum við fyrirhugaða vegagerð á þeim tíma	Stefnan er ólíkleg til að hafa áhrif á eða raska fornleifum, en þó háð útfærslu vegarins. Engar friðaðar eða friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en fornleifaskráning fór fram árið 1999 í núverandi vegstæði í tenglum við fyrirhugaða vegagerð á þeim tíma	Óljóst hvort stefnan hefur í för með sér röskun á fornleifum, þar sem áhrifin eru háð staðsetningu jarðganga. Þó eru engar friðaðar eða friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en fornleifaskráning fór fram árið 1999 í núverandi vegstæði í tenglum við fyrirhugaða vegagerð á þeim tíma

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðapjónustu?	Stefnan er ekki líkleg til að styrkja ferðapjónustu til langs tíma litið þar sem ekki eru gerðar úrbætur í samgöngum	Stefnan er líkleg til að hafa hafa neikvæð áhrif á ferðamenn á framkvæmdatímanum en jákvæð áhrif til langs tíma vegna bættra samgangna	Stefnan er líkleg til að hafa að einhverju marki neikvæð áhrif á ferðamenn á framkvæmdatímanum en jákvæð áhrif til langs tíma vegna bættra samgangna
---	--	--	--

Útivist

Umvhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Uppbygging í núverandi vegstæði	Jarðgöng
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif
Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif

Niðurstaða mats á valkostum um veg um Bröttubrekku

Matsþættir	Umvhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Uppbygging í núverandi vegstæði	Jarðgöng
Samfélag	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun	-	+	++
	Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	-	+	+
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	0	0	+
Náttúra og landslag	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir	0	0	+
	Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	0	+
	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	0	0	+
	Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu bindingu kolefnis?	0	0	0
	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	0	0	0
	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróid land?	0	-	0
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	0	-	0
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	-	0
	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla	-	+	++
	Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	-	+	++

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Atvinna og þjónusta	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði?	-	+	+
	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði	0	0	+
	Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	0	0	0
Félags- og velferðarmál og öryggi	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	-	+	++
	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþóp, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum	0	+	++
Menning	Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	0	+	++
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	0	+	++
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	0	+	++
Útivist	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru o.fl.?	0	-	++
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0	?
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	-	+	++
Útivist	Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vögg til grafar	0	0	0
	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	0	0	0
Útivist	Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	0	0	0

Núll-kostur hefur í heildina óveruleg eða neikvæð áhrif á umhverfispætti til langs og skamms tíma litið. Ef ekki kemur til uppbyggingar vegar um Bröttubrekku er hætt við að viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart öðrum svæðum versni. Núll-kosturinn greiðir heldur ekki götu almenningsgangna um Bröttubrekku og er ekki líklegur til að styðja við atvinnulíf á svæðinu eða efla ferðaþjónustu til lengri tíma litið. Í heildina mætti því ætla að þörf sé á vegabótum miðað við þá umhverfispætti sem voru skoðaðir og þau viðmið sem lögð voru til grundvallar matinu.

Valkostur um uppbyggingu vegar í núverandi vegstæði hefur margs konar jákvæði áhrif í för með sér, svo sem að styrkja samfélagið og auka viðnámsþrótt þess, greiða götu almenningsgangna og styrkja stöðu atvinnulífs á svæðinu. Valkosturinn er talinn hafa óveruleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, en hefur mögulega áhrif á gróður til skemmrí tíma og mun líklega breyta ásýnd lands vegna aukinna skeringa. Áhrif á atvinnulíf, og þar með talda ferðaþjónustu, eru talin jákvæð, auk þess að stækka vinnu- og þjónustusóknarsvæði Dalabyggðar og auka umferðaröryggi vegarins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er ólíklegt að valkosturinn hafi áhrif á fornleifar og hið sama gildir um útivist.

Valkostur um jarðgöng um Bröttubrekku hefur heilt yfir jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á þá umhverfispætti sem voru til skoðunar. Stefna um jarðgöng er líkleg til að styrkja viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart öðrum svæðum og stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á loftlagsmál, m.a. með styttingu leiða og minni snjómoksturs. Jarðgöng um Bröttubrekku eru einnig líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á félags- og velferðarmál og öryggi, svo sem hvað varðar stækkun vinnu- og þjónustusóknarsvæðis, aðgengi að grunnþjónustu sem sótt er úr héraði og umferðaröryggi. Óvissa er um áhrif á fornleifar þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram og möguleg gangaleið liggur ekki fyrir. Áhrif á útivist eru talin óveruleg. Auk þess myndu jarðgöng bæta samkeppnishæfni annarra svæða, s.s. Vestfjarða.

3.2 ÁHERSLUR UM UPPBYGGINGU ÁFANGASTAÐA FERÐAMANNA

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna og til samanburðar mat á núll-kosti.

Samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og -leiðir	Áhersla á marga ferðapjónustustaði og -leiðir
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Óbreytt stefna er ólíkleg til að stuðla að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum	Stefnan um vandaða uppbyggingu og góða aðstöðu ferðafólks er liður í að byggja upp sterka ferðapjónustu og styrkja samfélagið til framtíðar	Stefna um uppbyggingu á mörgum dreifðum áfangastöðum stuðlar að óverulegu leyti að eflingu ferðapjónustu og samfélagsins til framtíðar
Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Óveruleg áhrif	Stefnan stuðlar að auknu aðgengi að ferðapjónustustöðum. Stefnan er auk þess líkleg til að stuðla að hjólandi og gangandi umferð um ferðapjónustuleiðir. Óveruleg áhrif á almenningssamgöngur	Stefnan að stuðlar að auknu aðgengi að ferðapjónustustöðum. Stefnan er auk þess líkleg til að stuðla að hjólandi og gangandi umferð um ferðapjónustuleiðir. Óveruleg áhrif á almenningssamgöngur
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	Söfnun sorps verður kostnaðarsöm og ómarkviss	Stefnan gefur kost á ódýrari og markvissri söfnun og meðhöndlun sorps, svo sem sorpflokkun og endurvinnslu	Söfnun sorps verður kostnaðarsöm og ómarkviss

Náttúra og landslag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og -leiðir	Áhersla á marga ferðapjónustustaði og -leiðir
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu bindingu kolefnis?	Hætta er á að viðkvæm vistkerfi raskist vegna álags af völdum ferðamanna	Stefnan er líkleg til að beina ferðamönnum að áfangastöðum og leiðum sem byggðir eru upp til að taka við fjölda fólks. Jafnframt léttir álaginu af öðrum og viðkvæmari stöðum	Hætta er á að viðkvæm vistkerfi raskist vegna álags af völdum ferðamanna ef fjölfarnir staðir eða leiðir eru ekki byggð upp til að taka við fjölda ferðamanna
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Breiðafjörðurinn nýtur verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar. Stefnan hefur óveruleg áhrif umfram það	Breiðafjörðurinn nýtur verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar og stefnan styður við það	Breiðafjörðurinn nýtur verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar og stefnan styður að einhverju marki við það
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruinjasrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	Hætta er á að viðkvæm vistkerfi raskist vegna álags af völdum ferðamanna	Stefnan styður við vernd svæða með því að beina ferðamönnum á fáa staði og vanda uppbyggingu aðstöðu ferðafólks á þeim stöðum	Stefnan styður að einhverju marki við vernd svæða með því að dreifa álaginu og beina ferðamönnum á staði þar sem einhver uppbygging er. Þó er hætta á að för ferðamanna hafi áhrif á friðlýst svæði ef skortur er á innviðum fyrir ferðamenn

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróð land?	Stefnan er líkleg til þess að leiða til skemmda á grónu landi vegna átroðnings af völdum ferðamanna	Uppbygging áfangastaða og leiða er líkleg til að tryggja að gróð land og mikilvæg fuglasvæði verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum vegna átroðnings af völdum ferðamanna	Einungis er svigrúm fyrir takmarkaða uppbyggingu innviða. Stefnan er líkleg til þess að leiða til skemmda á grónu landi vegna átroðnings af völdum ferðamanna
Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	Stefnan er ekki líkleg til að styðja við vernd svæða sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd	Stefnan er líkleg til að styðja við vernd svæða sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd	Stefnan með áherslu á marga ferðapjónustustaði og -leiðir er ekki líkleg til að styðja við vernd svæða sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Hætta er á að að skemmdir verði á grónu landi og ásýnd lands til skamms tíma. Mögulegt er að endurheimta fyrri ásýnd	Uppbygging áfangastaða og leiða hefur áhrif á ásýnd þeirra staða þar sem byggt er upp. Með hönnun, þar sem þess er m.a. gætt að mannvirki falli vel að landslagi, er hægt að vega þessi áhrif upp og auka jákvæða upplifun af áfangastöðum	Hætta er á að að skemmdir verði á grónu landi og ásýnd lands til skamms tíma. Mögulegt er að endurheimta fyrri ásýnd

Atvinna og þjónusta

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og -leiðir	Áhersla á marga ferðapjónustustaði og -leiðir
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Stefnan stuðlar ekki að atvinnuuppbyggingu á svæðinu	Áhersla á fáa tiltekna áfangastaði og ferðamannaleiðir býr til sterka segla, auðveldar markaðsstarf og laðar að ferðamenn til langs tíma litið. Atvinnusköpun á uppbyggingartímanum	Stefnan styrir að einhverju leyti ferðapjónustu á svæðinu, en þó verða ekki til sterkir seglar. Atvinnusköpun á uppbyggingartímanum
Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðapjónustu sem skapar störf í héraði?	Lítill uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn getur leitt til þess að ferðamannastaðir og leiðir verði fyrir skemmdum af völdum átroðnings ferðamanna. Það getur haft áhrif á viðhorf ferðamanna til langs tíma	Áhersla á fáa tiltekna áfangastaði býr til sterka segla, auðveldar markaðsstarf og laðar að ferðamenn til langs tíma litið. Uppbyggðir ferðamannastaðir höfða ekki endilega til náttúruferðamanna, en þeir eru eigi að síður líklegir til að heimsækja Dalabyggð	Áhersla á uppbyggingu ferðamannastaða og -leiða er líkleg til að styrkja ferðapjónustu. Lítill uppbygging getur þó leitt til að ferðamannastaðir verði fyrir skemmdum af völdum átroðnings ferðamanna
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Engin áhrif	Áhersla á fáa tiltekna ferðamannastaði gefur kost á að byggja upp hleðslustöðvar við bílastaði á stærstu áfangastöðum	Engin áhrif
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á vatnsverndarsvæði	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á vatnsverndarsvæði	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á vatnsverndarsvæði

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Félags- og velferðarmál og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og -leiðir	Áhersla á marga ferðapjónustustaði og -leiðir
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að eflingu nærpjónustu?	Stefnan er ekki líkleg til að efla nærpjónustu	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Ferðamenn skjóta traustari stoðum undir margs konar nærpjónustu	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Ferðamenn skjóta traustari stoðum undir margs konar nærpjónustu
Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Stefnan er ekki líkleg til að efla grunnþjónustu	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Ferðamenn skjóta traustari stoðum undir margs konar grunnþjónustu	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Ferðamenn skjóta traustari stoðum undir margs konar grunnþjónustu
Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Óbreytt stefna leiðir líklega til aukinnar hættu á umferðarslysum og tekur ekki á hljóðvist	Uppbyggðir ferðapjónustustaðir og leiðir með innviðum fyrir bíla og gangandi fólk stuðlar að auknu öryggi fólks gagnvart umferð og öðrum hættum í umhverfinu. Einnig gefst tækifæri á að hanna með tilliti til hljóðvistar	Afmörkun ferðapjónustustaða stuðlar að auknu umferðaröryggi, en tekur ekki á hljóðvist

Menning

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og -leiðir	Áhersla á marga ferðapjónustustaði og -leiðir
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum?	Stefnan er ekki líkleg til að stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst í byggingararfi og landslagi	Stefnan er líkleg til að styðja markmiðið. Við hönnun ferðapjónustustaða og leiða og upplifunar á hverjum ágangastað er lykilatriði að taka mið af af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum.	Stefnan er að einhverju marki líkleg til að styðja markmiðið. Takmörkuð uppbygging væri á hverjum stað en tækifæri er til að hanna mannvirki í samræmi við byggingarhefðir, náttúru, landslag og staðhætti
Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Fornleifaskráning hefur ekki farið fram í öllu sveitarfélaginu, en leiða má líkum að því að stefnan sé líkleg til að hafa neikvæði áhrif á fornleifar, þar sem lítill stjórni er á för ferðamanna	Stefnan er líkleg að hafa jákvæð áhrif á fornleifar þar sem tekið er tillit til þeirra við undirbúning framkvæmda og uppbyggingu. Einnig gefst tækifæri til að miðla upplýsingum um menningararfinn í tengslum við hönnun á hverjum stað	Fornleifaskráning hefur ekki farið fram í öllu sveitarfélaginu, en leiða má líkum að því að stefnan sé líkleg til að hafa neikvæð áhrif á fornleifar, vegna lítillar uppbyggingar innviða á ferðapjónustustöðum og leiðum
Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðapjónustu?	Lítill uppbygging getur leitt til þess að ferðapjónustustaðir og -leiðir verði fyrir skemmdum af völdum átroðnings. Það getur haft áhrif á viðhorf ferðamanna til skamms og langs tíma	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og leiðir býr til sterka segla, auðveldar markaðsstarf og laðar að ferðamenn til langs tíma lítið. Uppbyggðir ferðamannastaðir höfða ekki endilega til náttúruferðamanna	Áhersla á uppbyggingu ferðamannastaða og leiða er líkleg til að styrkja ferðapjónustu. Lítil uppbygging getur þó leitt til þess að ferðamannastaðir verði fyrir skemmdum af völdum átroðnings og það getur haft áhrif á viðhorf ferðamanna til skamms og langs tíma

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Útivist

Umfhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustustaði og -leiðir	Áhersla á marga ferðapjónustustaði og -leiðir
Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Stefnan stuðlar ekki að auknum möguleikum til útivistar og hreyfingar	Óbein jákvæð áhrif, þar sem stefnan stuðlar að bættu aðgengi að útivistarsvæðum og sköpuð er aðstaða til útivistar og hreyfingar	Að einhverju marki óbein jákvæð áhrif, þar sem stefnan stuðlar að bættu aðgengi að útivistarsvæðum
Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Stefnan stuðlar ekki að eflingu ferðamannastaða	Stefnan er að einhverju marki líkleg til að styðja markmiðið	Stefnan er að einhverju marki líkleg til að styðja markmiðið

Niðurstaða mats á valkostum um áherslur um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna

Matsþættir	Umfhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Áhersla á fáa tiltekna ferðapjónustu staði og leiðir	Áhersla á marga ferðapjónustu staði og leiðir
Samfélag	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	-	++	0
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	0	+	+
	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðslu aðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	-	++	-
Náttúra og landslag	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu bindingu kolefnis?	-	+	-
	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	0	++	+
	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúrumínjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	-	++	-
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróíð land?	-	++	-
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	-	++	-
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	-	++	-
Atvinna og þjónusta	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðapjónustu sem skapar störf í héraði?	-	++	+
	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	0	+	0
	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0	0

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Félags- og velferðarmál og öryggi	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum	-	+	+
	Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	-	+	+
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	-	++	+
Menning	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru o.fl.?	-	++	+
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	-	++	-
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	-	++	+
Útivist	Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vögg til grafar	-	++	+
	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	-	+	+

Núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á umhverfisþætti til langs og skamms tíma litið. Ef ekki kemur til stefnumörkunar um uppbyggingu ferðaþjónustustaða og -leiða er líklegt að viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart öðrum svæðum versni og kostnaður við sorphirðu og umhirðu staða fari vaxandi. Núll-kosturinn er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á náttúruna, einkum á viðkvæmum svæðum við ströndina sem njóta verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar. Núll-kostur hefur einnig neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn, þar sem ekki er brugðist við þeim áskorunum sem blasa við vegna vaxandi fjölda ferðamanna til framtíðar. Stefnan hefur neikvæð áhrif á fornleifar og eykur ekki möguleika til útivistar. Niðurstaða umhverfismats valkostsins sýnir mikla þörf fyrir stefnu um uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn til að bregðast við þeim áskorunum sem blasa við til framtíðar.

Valkostur um áherslu á fáa tiltekna ferðaþjónustustaði og -leiðir, hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum. Þar sem fókus er á fáa tiltekna staði og leiðir þá gefst tækifæri á að byggja svæðin vel upp, öll umhirða svæðanna verður auðveldari og áhrif á náttúru- og menningarminjar verða jákvæð. Stefnan sem valkosturinn felur í sér er í aðalatriðum í samræmi við stefnu sveitarfélagsins, gildandi svæðisskipulags og áfangastaðáætlun. Í heildina er þessi valkostur, þ.e. að byggja upp fáa tiltekna staði og leiðir sem geta tekið við töluverðum fjölda ferðamanna, æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa. Á móti kemur þó að svokallaðir náttúruferðamenn eru síður líklegir til að sækja á fjölsóttu uppbyggða ferðamannastaði, en þeir eru eigi að síður líklegir til að heimsækja Dalabyggð. Með þessari nálgun er hægt að byggja upp sterka segla í ferðaþjónustu á svæðinu sem styrkja samkeppnishæfnina og skapa störf í héraði. Jafnframt er álaginu létt af öðrum svæðum sem ekki hafa næga innviði.

Valkostur um áherslu á marga ferðaþjónustustaði og -leiðir hefur heilt yfir bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Það er ákveðinn ávinningur af því að byggja upp ferðaþjónustustaði og leiðir en þar sem um er að ræða marga staði, þá er hætt við að ekki verði byggðir upp æskilegir innviðir á hverjum stað og öll umhirða verði dýr og ekki er líklegt að um verði að ræða sterka segla. Vegna skorts á innviðum er hætt á að náttúru- og menningarminjar verði fyrir skemmdum af völdum álags af ferðamönnum. Í heildina er þessi valkostur ekki æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.e. að kröftunum er dreift um of og innviðir ferðaþjónustustaða og -leiða geta ekki annað þeim straumi ferðamanna sem fer um svæðið.

3.3 ÁHERSLUR UM UPPBYGGINGU GISTIAÐSTÖÐU

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta um áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu og gistipjónustu.

Samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur/dreifð uppbygging	Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Stefnan er ólíkleg til að stuðla að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum	Stefna um uppbyggingu gistipjónustu er liður í að byggja upp sterka ferðapjónustu og styrkja samfélagið til framtíðar, þ.e. að styrkja stöðir atvinnulífs á svæðinu og skjóta stoðum undir nærpjónustu
Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Dreifð gistipjónusta liggur ekki endilega vel við almenningssamgöngum eða þjónustu sem ferðamenn vilja sækja í göngufæri	Gistipjónusta í Búðardal liggur vel við mögulegum almenningssamgöngum, auk þess sem öll þjónusta er í göngufæri innan þéttbýlisins
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif	Tækifæri til að nýta betur þá endurvinnsluferla sem eru til staðar

Náttúra og landslag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur/dreifð uppbygging	Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu bindingu kolefnis?	Stefnan styður ekki að öllu leyti við stefnumörkun um sjálfbærar samgöngur	Stefnan styður við stefnumörkun um sjálfbærar samgöngur
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Það getur verið flókið að stjórna allri losun vegna starfseminnar vegna dreifðrar gistipjónustu	Stefna með áherslu á uppbyggingu gistiaðstöðu í þéttbýli gefur kost á að halda betur utan um alla losun vegna starfseminnar
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúrumínjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvangar og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	Möguleg áhrif á svæðum við ströndina sem njóta verndar sbr. lög um verndun Breiðafjarðar	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á svæði á náttúrumínjaskrá
Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróði land?	Möguleg áhrif á svæðum við ströndina sem hafa verið skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á svæði sem skilgreind hafa verið sem mikilvæg fuglasvæði

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfítjar og leirur og fossa?	Möguleg áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga vegna framkvæmda í tengslum við uppbyggingu gistiaðstöðu í dreifbýli, svo sem í tengslum við vegagerð	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Uppbygging gistiaðstöðu í dreifbýli er líkleg til að breyta ásýnd lands, þó háð umfangi og aðlögun að þeirri byggð sem er fyrir. Áhrif á fágætar landslagsheildir eru ólíkleg	Uppbygging í Búðardal er líkleg til að falla að þeirri byggð sem fyrir er, en þó þarf að gæta að skala og umfangi bygginga

Atvinna og þjónusta

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur/dreifð uppbygging	Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Stefnan er að ákveðnu marki líkleg til að stuðla að atvinnuuppbyggingu á svæðinu, þ.e. til skamms tíma litið í tengslum við þá uppbyggingu sem verður og til langs tíma litið vegna varanlegra starfa við ferðabjónustu	Stefnan er líkleg til að stuðla að atvinnuuppbyggingu á svæðinu, þ.e. til skamms tíma litið í tengslum við uppbyggingu gistiaðstöðu og til langs tíma litið vegna varanlegra starfa við ferðabjónustu. Auk þess er stefnan líkleg til að styrkja aðra þjónustu í Búðardal
Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðabjónustu sem skapar störf í héraði?	Stefnan er að ákveðnu marki líkleg til að stuðla að störfum í ferðabjónustu	Stefnan er líkleg til að stuðla að sjálfbærri ferðabjónustu sem byggir á staðaranda og skapar störf til framtíðar
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Stefna um dreifða gistiþjónustu gefur takmarkað svigrúm til að nýta betur þá innviði sem eru til staðar, svo sem hitaveitu og hleðslustöðvar fyrir rafbíla	Uppbygging gistiþjónustu í Búðardal veitir gott svigrúm til að nýta betur þá innviði sem eru til staðar, svo sem hitaveitu og hleðslustöðvar fyrir rafbíla
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á vatnsverndarsvæði	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á vatnsverndarsvæði

Félags- og velferðarmál og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur/dreifð uppbygging	Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	Ferðabjónustan stuðlar almennt að eflingu nærþjónustu en dreifð gistiþjónusta stuðlar óverulega að eflingu nærþjónustu í Búðardal	Stefnan er líkleg til að styrkja aðra þjónustu í Búðardal og fyrir allt svæðið
Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Stefnan er almennt séð líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir grunnþjónustu fyrir allt svæðið. Dreifð uppbygging gistiaðstöðu er ekki líkleg til að hafa í för með uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Búðardal	Stefnan er líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir grunnþjónustu fyrir allt svæðið. Auk þess er uppbygging gistiaðstöðu líkleg til að hafa í för með uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Búðardal samfara fjölgun starfa í ferðabjónustu
Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist, en þó háð staðsetningu uppbyggingar gistiaðstöðu	Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist, en þó háð staðsetningu uppbyggingar gistiaðstöðu í Búðardal

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Menning

Umfhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur/dreifð uppbygging	Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	Dreifð uppbygging gistiaðstöðu er almennt séð líkleg til að falla vel að umhverfinu ef um er að ræða umfangslitla uppbyggingu	Uppbygging í Búðardal er líkleg til að vera í sátt við bæjarumhverfið að því gefnu að gætt sé að skala og stærð bygginga
Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Fornleifaskráning hefur ekki farið fram í öllu sveitarfélaginu en dreifð uppbygging getur valdið neikvæðum áhrifum á fornleifar	Ólíklegt er að stefnan hafi í för með sér áhrif á fornleifar í Búðardal miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar
Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Stefnan er almennt séð líkleg til að hafa jákvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu	Uppbygging gistiaðstöðu í Búðardal er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu sem byggir á sterkum staðaranda og jákvæðri upplifun af fjölbreyttri þjónustu og afþreyingu. Einnig stuðlar stefnan að eflingu ferðaþjónustu í heild á svæðinu

Útivist

Umfhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur/dreifð uppbygging	Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Dreifð uppbygging hefur almennt séð í för með sér gott aðgengi að útivist í dreifbýli	Stefnan felur í sér aðgengi að þjónustu í göngufæri, opin svæði til útivistar og góða aðstöðu til íþróttaiðkunar í og við Búðardal
Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Óveruleg áhrif	Stefnan er að einhverju marki líkleg til að styðja markmiðið

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Niðurstaða mats á valkostum um áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu

Matsþættir	Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur/ dreifð uppbygging	Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið
Samfélag	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	-	++
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	-	++
	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	+
Náttúra og landslag	Gripa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu bindingu kolefnis?	-	+
	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	-	+
	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	-	0
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	-	0
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	-	0
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	-	++
Atvinna og þjónusta	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	+	++
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði?	+	++
	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	-	++
	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0
Félags- og velferðarmál og öryggi	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþóp, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	+	++
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	+	++
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	0	0
Menning	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru o.fl.?	+	++
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	-	++
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	+	++
Útivist	Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	+	++
	Stuðlar stefnan að eflingu almenningssýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	0	+

Núll-kostur eða dreifð uppbygging gistiaðstöðu hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélag og náttúrufar og landslag, bæði til langs og skamms tíma litið. Dreifð uppbygging er ekki líkleg til að nýta að fullu þá möguleika sem eru í ferðapjónustu fyrir samfélagið og þá sérstaklega þéttbýlið. Dreifð uppbygging er einnig líkleg til að breyta ásýnd lands í dreifbýlinu og starfseminni fylgir aukið álag á umhverfið og hætta er á að náttúru- og menningarminjar glatist. Almennt hefur uppbygging gistiaðstöðu jákvæð áhrif á atvinnulífið, ný störf verða til og aukinn fjöldi ferðamanna styrkir stoðir þjónustustarfsemi í Dalabyggð.

Stefna um að beina stærri uppbyggingu gistiaðstöðu í þéttbýlið hefur í heildina mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á þá þætti sem voru til skoðunar. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðapjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum. Með því að beina stærri uppbyggingu gistiaðstöðu í Búðardal gefst tækifæri á að halda utan um ýmsa þætti sem varða losun frá starfseminni, frárennslis og áhrif á náttúru- og menningarminjar. Einnig næst meiri ávinningur fyrir samfélagið í heild þar sem starfsemin styrkir stoðir þeirrar þjónustu sem er til staðar og til verða fjölbreytt heilsárs störf í þéttbýlinu. Eftir sem áður er gert ráð fyrir uppbyggingu gistiaðstöðu í dreifbýlinu, einkum í tengslum við starfsemi á bújörðum.

3.4 VÖXTUR ÞÉTTBÝLIS OG ÚTFÆRSLA ÞJÓÐVEGAR Í BÚÐARDAL

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta um vöxt þéttbýlis og útfærsla þjóðvegur í Búðardal og til samanburðar mat á núll-kosti.

Samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegar	Vöxtur til austurs og hjáleið
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Þörf er á að gera úrbætur í umhverfi Vesturbrautar, svo sem hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og ásýnd	Stefnan hefur í för með sér úrbætur, svo sem hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og ásýnd	Stefnan hefur að hluta til í för með sér úrbætur, svo sem hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og ásýnd
Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Stefnan er heilt yfir ekki líkleg til að stuðla að heilsusamlegum samgöngum vegna gegnumaksturs, umferðarhraða og ásýndar svæðisins umhverfis Vesturbraut	Stefnan er líkleg til að stuðla að heilsusamlegum samgöngum þar sem umferðarhraði er tekinn niður og allt land þéttbýlisins verður innan göngufæris	Stefnan er líkleg til að stuðla, að einhverju marki, að heilsusamlegum samgöngum þar sem gegnumakstri er létt af þéttbýlinu og megin þorri þéttbýlisins er í góðum göngutengslum
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif

Náttúra og landslag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegar	Vöxtur til austurs og hjáleið
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu bindingu kolefnis?	Óveruleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda	Stefnan gerir ráð fyrir að nýtt land verði brotið undir nýja byggð. Framkvæmdin hefur í för með sér rask á jarðvegi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda	Stefnan gerir ráð fyrir að nýtt land verði brotið undir nýja byggð og nýjan veg í tengslum við færslu þjóðvegur. Framkvæmdin hefur í för með sér rask á jarðvegi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda. Á móti kemur ávinningur af styttingu vegar vegna hjáleiðar
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Óveruleg eða engin áhrif	Óveruleg eða engin áhrif	Óveruleg eða engin áhrif

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruvinjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvangi og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	Engin áhrif	Ný byggð hefur ekki áhrif á svæði á náttúruvinjaskrá samkvæmt upplýsingum NÍ	Ný byggð og vegur hefur ekki áhrif á svæði á náttúruvinjaskrá samkvæmt upplýsingum NÍ
Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	Óveruleg áhrif	Ný byggð hefur áhrif á gróið land	Ný byggð og vegur hefur áhrif á gróið land
Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	Engin áhrif	Engin áhrif	Nýr vegur kann að raska lítt röskuðu votlendi samkvæmt upplýsingum NÍ
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir á mynd lands?	Þörf er á að gera úrbætur í umhverfi Vesturbrautar hvað varðar á mynd	Úrbætur við Vesturbraut og ný byggð er líkleg til að bæta á mynd þéttbýlisins, gera það vistlegra	Nýr vegur breytir á mynd lands, en áhrifin fara að miklu leyti eftir útfærslu vegarins og aðlögun hans að landi

Atvinna og þjónusta

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og á mynd vegar	Vöxtur til austurs og hjáleið
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Búðardalur er þjónustustaður á stóru svæði og líkur eru á að um Búðardal fari vaxandi fjöldi ferðamanna og að störf verði til í þjónustu í tengslum við það	Stefna sem felur í sér úrbætur á Vesturbraut hvað varðar umferðaröryggi og á mynd er líkleg til að styrkja stöðu Búðardals sem lykilþjónustustaðar á stóru svæði. Til langs tíma litið er slík stefna líkleg til að stuðla að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og skjóta stöðum undir fjölbreytta þjónustu í Búðardal	Stefna sem felur í sér færslu vegar úr þéttbýlinu er líkleg til að veikja Búðardal sem þjónustustaðar til langs tíma litið. Á mótí verða til tímabundin störf við vegaframkvæmdir
Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði?	Búðardalur er þjónustustaður á stóru svæði og líkur eru á að um Búðardal fari vaxandi fjöldi ferðamanna og að störf verði til í ferðaþjónustu í tengslum við það	Stefna sem felur í sér úrbætur á Vesturbraut hvað varðar umferðaröryggi og á mynd er líkleg til að styrkja stöðu ferðaþjónustu í Búðardal og líkur eru á að störf verði til í ferðaþjónustu til framtíðar	Stefna sem felur í sér færslu vegar úr þéttbýlinu er líkleg til að veikja Búðardal sem ferðaþjónustustaðar til langs tíma litið þar sem líkur eru á að ferðamenn um Vestfjarðaveg stoppi síður í Búðardal
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Að einhverju marki er um að ræða styttingu á vegalengdum fyrir þá sem fara um Vestfjarðaveg
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Stefnan hefur ekki áhrif á vatnsverndarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi	Stefnan hefur ekki áhrif á vatnsverndarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi	Stefnan er ekki líkleg til að hafa áhrif á vatnsverndarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi, en er þó háð útfærslu vegarins

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Félags- og velferðarmál og öryggi

Umfverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegar	Vöxtur til austurs og hjáleíð
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að eflingu nærbjónustu?	Búðardalur er þjónustustaður á stóru svæði og líkur eru á að nærbjónusta eflist að einhverju marki, m.a. vegna þess að um Búðardal fari vaxandi fjöldi ferðamanna og að þjónustustörf verði til í tengslum við það	Líkur eru á að stefnan stuðli að eflingu nærbjónustu í Búðardal í góðum göngutengslum innan þéttbýlisins í Búðardal	Líkur eru á að færsla Vestfjarðarveggar veiki forsendur fyrir margskonar nærbjónustu í Búðardal
Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Í núverandi aðalskipulagi er svigrúm til uppbyggingar húsnæðis til næstu framtíðar	Stefnan gerir ráð fyrir þróun þéttbýlis til framtíðar, sem m.a. felur í sér uppbyggingu húsnæðis	Stefnan gerir ráð fyrir þróun þéttbýlis til framtíðar, sem m.a. felur í sér uppbyggingu húsnæðis
Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Stefnan tekur ekki á umferðarhraða og hljóðvist við Vesturbraut	Stefnan felur í sér aðgerðir sem eru líklegar til að lækka umferðarhraða á Vesturbraut í gegnum Búðardal. Slíkar aðgerðir hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist	Hjáleið um Búðardal felur í sér að umferð um þéttbýli minnkar en ekki er endilega gripið til aðgerða til lækkunar á umferðarhraða um Vesturbraut. Minni umferð stuðlar að einhverju marki að auknu umferðaröryggi og bættri hljóðvist í Búðardal

Menning

Umfverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegar	Vöxtur til austurs og hjáleíð
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhátum?	Þörf á úrbótum á umhverfi Vesturbrautar hvað varðar ásýnd	Ný byggð er líkleg til að bæta ásýnd þéttbýlisins, gera það vistlegra og bæta yfirbragð byggðarinnar í heild	Ný byggð er líkleg til að bæta ásýnd þéttbýlisins, gera það vistlegra og bæta yfirbragð byggðarinnar í heild
Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Fornleifaskráning hefur ekki farið fram í öllu sveitarfélaginu en leiða má líkur að því að stefnan hafi óveruleg áhrif á fornleifar miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar	Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós	Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Stefnan mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd Vesturbrautar og umferðarhraði hefur líklega neikvæð áhrif á viðhorf ferðamanna	Stefnan er líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á viðhorf ferðamanna til staðarins	Stefnan felur í sér að Búðardalur er ekki eins aðgengilegur fyrir ferðamenn til langs tíma litið og líkur eru á að hluti þeirra sem fara um svæðið hafi ekki viðkomu í Búðardal. Neikvæð áhrif á ferðamenn á framkvæmdatímanum þegar hjáleiðin verður í uppbyggingu
---	--	--	---

Útivist

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegar	Vöxtur til austurs og hjáleið
Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vögg til grafar Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Stefnan mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd Vesturbrautar og umferðarhraði hefur neikvæð áhrif á gönguhæfi byggðarinnar	Stefnan felur í sér aðgerðir sem eru líklegar til að lækka umferðarhraða á Vesturbraut og bæta ásýnd götunnar. Það mun stuðla að auknu gönguhæfi byggðarinnar	Stefnan felur m.a. í sér aðgerðir til að létta á umferð um þéttbýlið og það er að einhverju marki líklegt að auka gönguhæfi byggðarinnar
Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Þörf er á að styrkja gróður á og við almenningsrými við Vesturbraut	Stefnan felur í sér að styrkja gróður í umhverfi núverandi Vesturbrautar	Óveruleg áhrif

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Niðurstaða mats á valkostum um vöxt þéttbýlis og útfærsla þjóðveggar í Búðardal

Matsþættir	Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegar	Vöxtur til austurs og hjáleið
Samfélag	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	-	++	+
	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	0	0
Náttúra og landslag	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu bindingu kolefnis?	0	-	--
	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	0	0	0
	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruverndarsvæðum, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróð land?	0	-	--
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfítjar og leirur og fossa?		-	--
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	-	++	-
Atvinna og þjónusta	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	+	++	--
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði?	+	++	--
	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	0	0	+
	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0	0
Félags- og velferðarmál og öryggi	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	+	++	-
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	+	++	++
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	-	++	+
Menning	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru o.fl.?	-	++	++
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?		?	?

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðapjónustu?	-	++	--
Útivist	Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vögggu til grafar			
	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	-	++	0

Núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem augljós þörf er á úrbótum á umhverfi Vesturbrautar, svo sem hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og ásýnd. Óveruleg áhrif eru talin verða á náttúrufarslega þætti, svo sem náttúru- og menningarminjar en nauðsynlegt er að styrkja gróður á miðsvæði í þéttbýlinu. Búðardalur er þjónustustaður á stóru svæði og líkur eru á að nærþjónusta eflist að einhverju marki, m.a. vegna aukinnar umferðar um Búðardal og vaxandi fjölda ferðamanna og að störf verði til í þjónustu í tengslum við það. Í núverandi aðalskipulagi er svigrúm til uppbyggingar húsnæðis til næstu framtíðar.

Stefna um vöxt þéttbýlisins út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd þjóðvegarins hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefnan er þó líkleg til að hafa neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda þar sem grónu landi verður raskað og nýtt land tekið undir byggð. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós. Valkosturinn er líklegur til að stuðla að auknum gæðum byggðarinnar. Stefnan felur í sér aðgerðir sem eru líklegar til að stuðla að lækkun umferðarhraða á Vesturbraut og jákvæð áhrif á ásýnd götunnar. Stefnan mun styrkja gróður við núverandi Vesturbraut. Það mun stuðla að auknu gönguhæfi byggðarinnar og heilsusamlegum samgöngum þar sem umferðarhraði er tekinn niður og allt land þéttbýlisins verður innan göngufæris. Líkur eru á að samkeppnishæfni svæðisins styrkist og að Búðardalur eflist sem miðstöð þjónustu og sem viðkomustaður ferðamanna með tilheyrandi nýjum störfum í héraðinu. Í heildina er þessi valkostur æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.e. hann skapar þéttbýlinu þróunarmöguleika út frá Vesturbraut og úrbætur verða á umferðaröryggi og ásýnd vegarins.

Stefna um vöxt þéttbýlisins til austurs og hjáleið um Búðardal er talin hafa neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti, einkum vegna þess að grónu landi verður raskað og nýtt land tekið undir byggð og nýjan veg (hjáleið). Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós. Að einhverju marki verða úrbætur á umferðaröryggi þar sem hjáleið um Búðardal felur í sér að umferð um þéttbýlið minnkar en ekki er endilega gripið til aðgerða til lækkunar á umferðarhraða um Vesturbraut. Minni umferð í þéttbýlinu stuðlar að einhverju marki að auknu umferðaröryggi og bættri hljóðvíst í Búðardal, en ólíklegt er að gerðar verði úrbætur á ásýnd Vesturbrautar. Verulega neikvæð áhrif eru af færslu vegarins á atvinnulíf, þ.e. færsla þjóðvegarins úr þéttbýlinu er líkleg til að veikja Búðardal sem þjónustustaðar til langs tíma litið þar sem líkur eru á að ferðamenn um Vestfjarðaveg stoppi síður í Búðardal. Á móti verða til tímabundin störf við vegaframkvæmdir.

4 ÁHRIF AÐALSKIPULAGSINS OG EFTIRFYLGNÍ

Í kaflanum er umhverfismat á stefnu aðalskipulagsins í heild, greining á samlegðaráhrifum og eftirfylgni og vöktun.

4.1 UMHVERFISÁHRIF AÐALSKIPULAGSINS Í HEILD

Heildaráhrif aðalskipulagsins og þeirra stefnukosta sem urðu fyrir valinu við mótun skipulagsins voru metin. Umhverfisviðmiðin eru að stofni til byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og stefnu stjórnvalda er varðar landnotkun, sbr. kafla 2.3. Metin eru helstu áhrif stefnunnar í megin viðfangsefnum aðalskipulagsins á helstu matsþætti. Í lok hvers stefnukafla í greinargerð aðalskipulagsins er samantekt á þeim umhverfisáhrifum sem metin eru í meðfylgjandi töflu (Tafla 4.1).

Tafla 4.1 Heildaráhrif stefnu aðalskipulagsins.

		Matsþættir							
	Markmið/stefna	Samfélag	Náttúra og landslag		Atvinna og þjónusta	Félags- og velferðarmál og öryggi	Menning		Útivist
Náttúra og landslag	Náttúruvá og öryggi	++	++		0	+	+		0
	Lífriki og landslag	+	++		0	0	+		++
	Auðlindir	++	++		++	0	0		0
	Menningar- og búsetuminjar	+	++		++	0	++		++
	Hverfisvernd	++	++		++	0	++		++
	Óbyggð svæði	+	++		++	0	++		++
Samfélag	Byggð	++	0		+	++	++		0
	Landbúnaður	+	+		++	0	?		++
	Afþreyingar- og ferðaþjónusta	++	++		+	++	++		++
	Verslun og önnur þjónusta	++	0		++	++	0		+
	Iðnaðar- og athafnasvæði	++	-	--	++	+	-	?	0 -
	Hafnarsvæði	+	+		++	0	+		+
	Úrgangur	++	++		0	+	0		0

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

		Matsþættir							
	Markmið/stefna	Samfélag	Náttúra og landslag		Atvinna og þjónusta	Félags- og velferðarmál og öryggi	Menning		Útivist
	Efnistaka og vinnsla	+	++		+	0	++		+
	Varúðarsvæði	+	0		0	++	0		+
	Skólar og íþróttahús	++	0		+	++	+		++
	Menning	++	0		++	++	++		0
	Félags- og heilbrigðismál	++	0		++	++	0		++
	Skipulag byggðar og lífsgæði fólks	++	0		0	++	+		++
	Útivist, íþróttir og opinn svæði	+	0		0	++	+		++
Innviðir	Veitur	++	++	-	++	+	+	?	0
	Fjarskipti	++	0		++	++	0		0
	Göngu- og hjólaleiðir	++	+		+	++	-		++
	Reiðleiðir	+	0		++	0	0		++
	Vegir og gatnakerfi	++	-		++	++	?		0
	Flugvöllir	+	0		+	+	0		0
	Almenningssamgöngur	++	++		++	++	0		0

4.2 STAKAR FRAMKVÆMDIR

Aðalskipulagið markar stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í Dalabyggð. Í þeirri stefnu geta falist fjölmargar stórar og smáar framkvæmdir eða uppbygging. Vísað er til deiliskipulags hvað varðar skilgreiningu og útfærslu einstakra framkvæmda.

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarðavera, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða¹² og Sólheima¹³ og ef af verður er um að ræða umfangsmestu framkvæmdir í Dalabyggð á skipulagstímabilinu. Þessi uppbygging var ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Hvað varðar umhverfisáhrif þessara framkvæmda er vísað til umfjöllunar um umhverfisáhrif aðalskipulagsins í heild og skipulagsferlisins vegna breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar og umhverfismati framkvæmda vegna vindorkugarðanna. Í því sambandi er vísað til framkvæmdarinnar sjálfrar, efnistöku, vegagerðar og lagningu strengja að flutningskerfi Landsnets.

4.3 SAMLEGÐARÁHRIF

Skoðuð voru samlegðaráhrif vegna aðalskipulagsins, einkum m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa frá fyrra skipulagi. Horft var einkum til vaxtar í ferðaþjónustu, uppbyggingar samgangna, landnotkunar í dreifbýli og þróun byggðar í þéttbýli og eflingu miðsvæðis.

Stefna aðalskipulagsins gerir ráð fyrir að byggðir verði upp nokkrir ferðamannastaðir með fullnægjandi innviðum sem geti tekið við talsverðum fjölda ferðamanna. Hér að framan var fjallað um áhrif þessarar stefnu. Ferðamannastaðirnir sem um ræðir eru ekki undir álagi vegna annarrar nýtingar en huga þarf að samspili þess við vernd náttúru- og menningarminja, svo og vernd Breiðafjarðar.

Talsvert rými er til staðar fyrir vöxt ferðaþjónustu, skógræktar og fjölbreyttrar nýrrar starfsemi í dreifbýlinu. Áhersla er lögð á sterk tengsl við

söguna, staðaranda og landbúnað, þ.e. það sem er til staðar. Með þeim hætti er ætlunin að efla byggðina í dreifbýli og þéttbýli.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir eflingu miðsvæðisins, nýtingu vannýttra svæða og vexti í þjónustutengdri starfsemi, eflingu gróðurs og úrbóta hvað varðar öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda. Auk þess er gert ráð fyrir svigrúmi til uppbyggingar umfangsmeiri gistipjónustu í Búðardal. Þessi stefna er líkleg til að skapa grundvöll fyrir vöxt þéttbýlisins.

Umhverfismat aðalskipulagsbreytinga vegna vindorkugarða á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum leiðir í ljós samlegðaráhrif á umhverfi ef kemur til uppbyggingar á báðum stöðum. Um er að ræða neikvæð áhrif á gróður, dýralíf, landslag og ásýnd lands. Áhrifin á fornleifar eru óviss. Áhrif á samfélag eru jákvæð hvað varða umsvif í samfélaginu en neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist.

Í heildina eru samlegðaráhrif aðalskipulagsins jákvæð að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem fjallað er um í stefnunni.

4.4 EFTIRFYLgni OG VÖKTUN

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna framfylgdar skipulagsins, umfram það sem ákveðið er í umhverfismati þeirra framkvæmda sem getið er um í skipulagstillögunni.

Hvað varðar eftirfylgni vegna framkvæmda við vindorkugarða á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum er vísað til umhverfismats framkvæmdanna og þeirra eftirfylgni og vöktunar sem þar verður skilgreind. Mikilvægt er að umhverfisþættir sem kunna að verða fyrir verulega neikvæðum áhrifum af framkvæmdinni verði vaktar sérstaklega. Einnig er mikilvægt að þegar orkuvinnslu lýkur að mannvirki verði fjarlægð eftir því sem mögulegt er og leitast verði við að endurheimta þau umhverfisgæði sem þessi svæði búa yfir. Sett hafa verið ákvæði um það efni.

¹² Efla. 2022A.

¹³ Efla. 2022B.

5 TENGLI VIÐ ÁÆTLANIR OG SAMRÆMI STEFNU

5.1 INNBYRÐIS SAMRÆMI MARKMIÐA AÐALSKIPULAGSINS

Tafla 5.1 inniheldur greiningu á hvernig markmið aðalskipulagsins samræmast innbyrðis. Tvenns konar niðurstaða er möguleg:

	Samhljómur er í meginmarkmiðunum
	Samræma þarf framfylgd meginmarkmiða

Í aðalskipulaginu eru sett fram meginmarkmið í þremur þemum; náttúra, samfélag og innviðir, og byggir stefna skipulagsins á samþættingu þessara markmiða. Skoðað er samræmi markmiða fyrir einstök viðfangsefni aðalskipulagsins, sbr. greinargerð.

Þrátt fyrir að þessi markmið taki tillit til hvers annars er mikilvægt að huga vel að innbyrðis samræmi við nánari útfærslu og framkvæmd stefnunnar. Sérstaklega þarf að huga að samræmi stefnu um náttúruvá og öryggi, lífríki og landslagi og menningar- og búsetuminjar við aðra hluta stefnunnar. Einnig þarf að huga sérstaklega að stefnu um auðlindir og atvinnuuppbyggingu en stefna um þessi viðfangsefni snertir flesta aðra þætti skipulagsins og ekki síst náttúru- og menningarminjar sem fyrr er getið. Í því sambandi er sérstaklega vísað til fyrirhugaðrar vindorkunýtingar sbr. breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna tveggja vindorkugarða. Umrædd stefnumörkun er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins, en fyrir liggur að umræddar skipulagsákvæðanir munu hafa neikvæð áhrif á lífríki og landslag til langs tíma litið, þ.e. meðan orkuvinnsla stendur yfir. Þegar orkuvinnsla lýkur er mögulegt að endurheimta hluta þeirra náttúrugæða með niðurrifi mannvirkja og frágangi svæða og sett hafa verið sérstök ákvæði um það efni.

Í aðalskipulaginu eru skilgreind sérstök verkefni sem varða skipulagsgerð og áskoranir til framtíðar er varða auðlindir, atvinnu og breytingar á notkun

landbúnaðarlands. Verkefnunum er ætlað að stuðla að skipulagslausnum eða verkfærum sem sveitarstjórn mun nýta til framtíðar til að stuðla að innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins.

Tafla 5.1 Innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins.

	Náttúruvá og öryggi	Lífriki og landslag	Auðlindir	Menningar- og búsetuminjar	Hverfisvernd	Óbyggð svæði	Byggð	Atvinna	Samfélagsþjónusta	Útivist, íþróttir og opin svæði	Veitur og fjarskipti	Samgöngur
Náttúruvá og öryggi												
Lífriki og landslag												
Auðlindir												
Menningar- og búsetuminjar												
Hverfisvernd												
Óbyggð svæði												
Byggð												
Atvinna												
Samfélagsþjónusta												
Útivist, íþróttir og opin svæði												
Veitur og fjarskipti												
Samgöngur												

5.2 TENGLA AÐALSKIPULAGS VIÐ STEFNU STJÓRNVALDA OG SVEITARFÉLAGA

Tafla 5.2 inniheldur greiningu á samræmi markmiða aðalskipulagsins og stefnu stjórnvalda. Þrenn konar niðurstaða er möguleg:

	Gott samræmi við stefnu stjórnvalda
	Huga þarf að samræmi við stefnu stjórnvalda
	Óveruleg tengsl við stefnu stjórnvalda

Í aðalskipulaginu eru sett fram meginmarkmið í þremur þeim; náttúra, samfélag og innviðir, og marmið fyrir tólf viðfangsefni. Eðli málsins samkvæmt hefur stefna stjórnvalda mismikil tengsl við einstök viðfangsefni aðalskipulagsins. Skoðað er samræmi einstakra viðfangsefni (markmiða) aðalskipulagsins við stefnu stjórnvalda eins og hún er við auglýsingu aðalskipulagstillögunnar. Niðurstaðan er að í öllum aðalatriðum er gott samræmi þar á milli en þó eru atriði sem nauðsynlegt er að fjalla nánar um.

- **Landsskipulagsstefna.** Greiningin leiðir í ljós ákveðið ósamræmi í tengslum við stefnu aðalskipulagsins um atvinnu, en um er að ræða ákvæði stefnu um landbúnaðarland. Landsskipulagsstefna markar stefnu um flokkun landbúnaðarlands sem ekki var hægt að uppfylla að öllu leyti við gerð aðalskipulagsins, m.a. vegna ófullnægjandi opinberra grunnganga um náttúru landsins. Á hinn bóginn er mótuð stefna þar sem tekið er mið af flokkun landbúnaðarlands og kemur hún til framkvæmda þá og þegar fullnægjandi gögn fást og/eða í tengslum við deiliskipulag á landbúnaðarsvæðum.
- **Náttúruminjaskrá.** Ákveðin óvissa tengist áformum um uppbyggingu vindorkuvera og samræmis við þann hluta náttúruminjaskrár sem ekki hefur hlotið formlega stöðu, þ.e. tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands

til B-hluta náttúruminjaskrár. Umhverfismat fyrirhugaðra framkvæmda er í matsferli en álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdanna hefur ekki litið dagsins ljós. Fyrirhugaðir vindorkugarðar eru í nágrenni við svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvæg fuglasvæði og í umhverfismati framkvæmda verður nánar fjallað um far fugla og hugsanleg áhrif á fuglastofna á svæðinu.

- **Rammaáætlun.** Óvissa er um hvort fyrirhuguð vindorkuver í Dalabyggð, sem nú eru í umhverfismats- og skipulagsferli, falli undir rammaáætlun. Þó skal vísað til ákvörðunar innviðaráðherra dags. 5. apríl 2022 um synjun staðfestingar á breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar varðandi vindorkuver á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum þar sem kemur fram að umræddar aðalskipulagsbreytingar samræmist ekki lögunum um verndar- og orkunýtingaráætlun hvað varðar efni og framsetningu.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Umhverfismatsskýrsla - Tillaga

Tafla 5.2 Samræmi markmiða aðalskipulagsins við stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga

	Náttúruvá og öryggi	Lífriki og landslag	Auðlindir	Menningar- og búsetu- minjar	Hverfis- vernd	Óbyggð svæði	Byggð	Atvinna	Samfélags- þjónusta	Útivist, íþróttir og opin svæði	Veitur og fjarskipti	Samgöngur
Landsskipulagsstefna												
Heimsmarkmiðin (tiltekin markmið)												
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum												
Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum												
Vatnaáætlun												
Samgönguáætlun												
Kerfisáætlun Landsnets												
Stefnu um uppbyggingu. flutningskerfis raforku												
Náttúruminjaskrá												
Landsáætlun um uppbyggingu innviða												
Byggðaaáætlun												
Rammaáætlun												
Menningarstefna í mannvirkjagerð												
Áætlun um loftgæði												
Í átt að hringrásarhagkerfi												
Sameiginleg svæðisáætl. um meðhöndlun úrgangs												
Áfangastaðaáætlun Vesturlands												
Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð												
Sóknaráætlun Vesturlands												
Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar												
Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga												

HEIMILDIR

Efla. 2018. VINDORKA Í DALABYGGÐ - Stefnumótun og heildarúttekt. Sótt 16. júní 2022 af https://dalir.is/Files/Skra_0078467.pdf

Efla. 2022A. Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016. Breyting vegna vindorkuvers á Hróðnýjarstöðum. 26.05.2020, breytt 10.05.2022.

Lög um minningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 11. maí 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Skipulagsstofnun. 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 11. maí 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 11. maí 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Stjórnarráð Íslands. 2021. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 11. maí 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 Sótt 10. maí 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>